

Að lesa og leika list er góð



"Hvað heitir þetta"?

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Leikskólinn Reynisholt

**Nafn verkefnisins:** „Að lesa og leika list er góð“

**Nafn verkefnisstjóra:** Guðrún Grímsdóttir

Haustið 2015 ákváðum við að sækja um styrk til þess að vinna áfram með einn af þáttum í þróunarverkefni sem var að ljúka hjá okkur. Það var verkefnið Orð af orði, orðs ég leitaði og þátturinn sem við vildum vinna áfram með var hlutverkaleikur. Einnig hafði tvítyngdum börnum fjölgað í leikskólanum og stóðum við frammi fyrir að það þyrfti að finna leið til að styrkja þau í íslensku og samskiptum við aðra.

**Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Að efla orðaforða og málnotkun barna í gegnum hlutverkaleik og beina sjónum sérstaklega að tvítyngdum börnum

Að efla foreldrasamvinnu um læsishvetjandi umhverfi

Að auka þátttöku og rödd foreldra tvítyngdra barna í leikskólastarfinu

## Leiðir sem við fórum í verkefninu

### Foreldrasamvinna

Við vildum efla samvinnu með foreldrum með því að bjóða til dæmis upp á sérstakan foreldrafund með túlk. Einnig að prufa að senda tilkynningar og stutta pósta á tungumáli foreldra með hjálp google translate. Þá vildum við hvetja starfsfólk til að gefa sig meira að foreldrum tvítyngdra barna og vera vakandi fyrir því þörfum þeirra og barna þeirra.

### Bókaormur

“Bókaormurinn” er taska sem inniheldur bækur á tungumáli allra barna á hverri deild ásamt bókaorminum sem er bangsi og skráningabók sem foreldrar geta skráð eitthvað um heimsóknina.



Þetta er góð leið til þess að fá alla foreldra í samvinnu með okkur með læsishvetjandi umhverfi fyrir börnin. Bækur á tungumáli barnanna á leikskólanum fara þá inná öll heimili barnanna og gefur tilefni til umræðu. Í töskunni var einnig fylgiblað sem við fengum starfsmenn og foreldra til að þýða fyrir okkur. Þar var útskýrt hver tilgangur bókaormsins væri og helsti ávinningur við að lesa fyrir börn (sjá fylgiskjal 1).

### Leikkassar

Útbúnir voru leikkassar sem innihéldu helstu hluti sem eru á heimilum fólks. Annars vegar var kassi með húsgögnum og öðrum húsbúnaði eins og sófa, borði, rúmi, púða og fleira í þeim dúr. Hins vegar var kassi sem innihélt hluti úr eldhúsi. Í þeim kassa er leikfangamatur og borðbúnaður (fylgiskjal 2). Ástæðan fyrir að þessir hlutir voru valdir í kassana er að við höfðum tekið eftir að tvítyngdu börnunum vantaði þennan orðaforða á íslensku þó þau kynnu hann á sínu tungumáli. Boðið var upp á leikkassana í fámennum hópum, um fjögur börn í hverjum hóp. Hóparnir voru samsettir af börnum sem voru sterk málfragslega og svo tvítyngdum börnum eða börnum sem voru með slakan málþroska. Byrjað var að kanna orðaforða barnanna sem voru í hópnum. Síðan voru heiti þessa hluta lagðir inn hjá hópnum og kannað hvernig leikurinn þróast með auknum orðaforða. Við byrjuðum á því að skrá hlutverkaleikinn og vildum þannig skoða hvernig samskipti milli barnanna væru, sérstaklega hjá tvítyngdu börnunum. Kennarar fundu sínar leiðir til að skrá s.s. video, skriflegar skráningar og myndir.

Ákveðið var að hafa samanburðarhópa á einni deildinni. Valdir voru tveir hópar með fjórum börnum hvor. Í hópnum voru bæði tvítyngd börn og börn sem voru með sterkan málþroska. Hjá öðrum hópnum voru orðin lögð markvisst inn í upphafi stundar en í hinum hópnum hélt kennarinn sér til hlés og lagði ekki inn orð.



## **Orðaskil**

Ákveðið var að nota orðaforðalistann Orðaskil til að meta stöðu tvítyngdu barnanna. Listann átti að nota til að skrá framfarir barnanna á meðan verkefninu stóð.

## **Símenntun starfsmanna**

Ákveðið var að auka við þekkingu starfsfólks með því að fá kynningar og fræðslu um tvítyngi. Auk þess var ákveðið að sækja um styrk til að fara til Danmerkur til kynna okkur verkefnið „En sprog er en gave“

## **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Orðaforðalistinn Orðaskil sem ákveðið var að nota í upphafi nýttist ekki sökum þess hve umfangsmikill listinn er og tímafrekt að leggja hann fyrir.

Ferðin sem áætluð var að fara til Danmerkur að kynna okkur „En sprog er en gave“ breyttist því ekki var hægt að taka á móti okkur þar. Því leituðum við á önnur mið. Okkur var bent á áhugaverðan leikskóla í Västerås í Svíþjóð. Þar væru mörg börn börn af erlendum uppruna og markvisst unnið með læsi.

## **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Við skráningarnar á leikkössunum var ákveðið fyrst að skrá niður samskipti og orð sem notuð voru og einblínt var á tvítyngd börn. Síðar í verkefninu vorum við með orðalista sem fylgdi kössum og voru heiti hluta taldir upp og síðan skráð þau orð sem notuð voru í leiknum. Þessi nákvæma skráningaraðferð gekk ekki eins vel en starfsfólk varð óöruggara í skráningum og ekki náðist að vinna með samanburðahóp eins lagt var upp með með nema á einni deild.

Starfsmannahald var erfitt á síðasta ári þar sem bæði var skortur á starfsfólki og veikindi sem olli hindrunum við framkvæmd verkefnis. Því eru nokkrir þættir sem enn eru ekki komnir til framkvæmda.

## Helsti ávinningur

Í gegnum verkefnið gátum við fylgst með tvítyngdum börnum eflast í félagslegum samskiptum innan hópsins. Leikkassarnir nýtast samt öllum börnum. Allir geta lært ný orð og



hin ýmsu hlutverk í leik. Kennarinn er fyrirmynd í þessum leikstundum og leggur inn orð. Það ýtir undir að þau börn sem eru vel stödd málfarslega setji orð á hlutina fyrir þau börn sem ekki hafa þekkinguna. Starfsfólk var áhugasamt um að málörvun sem þessi væri möguleg á fleiri svæðum. Því voru útbúnir leikkassar sem hægt var að fara með út í lundinn okkar þar sem er „drullumall“ svæði. Í þessum leikkössum voru raunveruleg eldhúshöld sem börnin gátu notað, m.a. sleifar, form og skálar. Þessar stundir voru einnig í fámennum hóp með kennara þar sem gerðar voru skráningar.



Skráningarnar fengu jákvæða athygli hjá kennurum og áhuginn varð mun meiri fyrir því að auka við þekkingu á skráningu á starfi með börnum. Kennararnir skoðuðu betur leik barnanna og orðin sem þau nota í leiknum. Einnig var meiri þátttaka og meiri samskipti milli barna og kennara.

Leikkassarnir gáfu starfsfólki einnig tækifæri til að fylgjast með leikþroska barnanna og sjá hverjir áttu jafnvel erfitt með leik án þess að eiga endilega erfitt með málið. Einn kennari ákvað að útbúa flöskur með myndum af börnunum til að nota sem persónur í einingakubbaleik. Þetta ýtti leiknum út í meiri hlutverkaleik og börnin efldu málið ásamt því að mynda félagsleg tengsl. Í lok vetrar voru þau börn sem áttu undir högg að sækja orðin öruggari í hópnum og gátu tekið virkari þátt í öllu starfinu.



Áhugi starfsfólks jókst einnig og sá það tækifæri til að grípa til málörvunar í öllum aðstæðum. Settir voru upp orðalistar bæði á útisvæði og á deildum til að minna á og voru einnig nýttar aðrar leiðir til að auka orðaforða, til dæmis orðaspjallsaðferðin. Í þeirri aðferð eru sögur lesnar og dregin út orð sem er lögð áhersla á að börnin læri. Orðunum er safnað saman upp á vegg og safnað í allan veturinn. Einnig gaf starfsfólk sig meira að þeim foreldrum sem voru af erlendum uppruna og lagði sig meira fram til að ná til þeirra.



## Mat og niðurstöður á verkefninu samkvæmt umsókn

Samkvæmt Bronfenbrenner og Evan (2000) skiptir þátttaka barna megin máli í námi og þroska barna. Hér í leikskólanum Reynisholti hefur ekki verið stór hópur barna af erlendum uppruna. Fyrir þau börn sem ekki hafa mikinn orðaforða á íslensku skiptir miklu máli að þau fái efnivið í leikskólanum sem tengir við þeirra nánasta umhverfi þ.e. heimili ásamt stuðning kennara við að setja orð á hlutina. Með því öðlast þau færni í að taka þátt í hlutverkaleik með börnum. Í gegnum skráningar gátum við komið auga á tvítyngd börn sem áttu erfitt með

félagslegan leik. Þau öðluðust aukna færni í samskiptum og leik með aukinni heimaþekkingu á íslensku máli. Með því gátu þau tengt við fyrri reynslu og þekkingu úr sínu nánasta umhverfi. Það er mjög mikilvægt að hafa orð yfir daglegar upplifanir og nánasta umhverfi því það er grunnurinn til þess að byggja á.

### **Foreldrasamvinna**

Foreldrar tvítyngdu barnanna lýstu ánægju sinni yfir sérstökum foreldrafundi með túlk sem gaf þeim tækifæri á að láta rödd sína heyrast sem og að hitta aðra foreldra tvítyngdra barna.

Við unnum mikið með tvítyngdu foreldrunum fyrsta árið. Foreldrar flestra tvítyngdra barna í Reynisholti skilja og tala vel íslensku og gaf það okkur tækifæri til að prufa allskonar aðferðir með þeim t.d. google translate. Sendum við m.a. spurningarlista til foreldra varðandi hvernig það nýttist þeim. Þar kom fram að í raun myndi þetta helst nýtast þeim sem eiga mjög erfitt með að skilja íslensku og þá aðeins til að þeir fái grunnhugmynd um hvað verið er að ræða. Var þessi tilraun með google translate frekar eins og skemmtiefni fyrir þá foreldra sem skilja íslensku.

Við hvöttum foreldra til þátttöku í starfinu t.d. með að mæta á foreldrakaffi og ömmu og afa kaffi. Leituðum við þá leiða til að koma til móts við börn sem ekki eiga ömmu og afa eða ekki með ömmu og afa til staðar. Ýmsar uppákomur eru í leikskólanum þar sem foreldrar eru sérstaklega velkomnir eins og vinna í Reynislundi, sveitaferð, opið hús og jólaföndur foreldrafélagsins. Mikilvægt er að foreldrar fái upplýsingar um þessa viðburði og skilji þær. Það að senda texta til foreldra á þeirra móðurmáli getur verið ákveðin brú til að ná til foreldra. Það er ekki ætlunin að fara að þýða allt efni sem fer til foreldra og að foreldrar þurfi ekki að læra íslensku heldur brú til að mynda samskipti og til að hvetja til þátttöku, til að foreldrar fái rödd í leikskólanum. Við höfum fundið að foreldrar eru opnari og ófeimnari við samskipti. Foreldrar voru mjög ánægðir með að hittast og sjá hvert annað og mynda tengsl sem eru svo mikilvæg.

### **Bókaormur**

Bókaormurinn tókst vel til. Ánægja var hjá öllum foreldrum, bæði íslenskum og erlendum, með bækurnar sem voru í bókaorminum. Með bókaorminum fylgdu skráningarbækur sem foreldrar gátu skrifað í. Þar kom glögglega í ljós ánægja foreldra og virtust flestir hafa lesið bækurnar oft í hverri heimsókn. Það hvetur til lesturs og samveru á heimilum barnanna.

## **Leikkassar**

Með því að fara á gólfíð með leikkassana og vera í leiknum með börnunum náðum við ekki bara að auka orðaforða heldur styrktum þau í þátttöku í leik og félagslegum samskiptum. Þegar farið var af stað með hugmyndina að verkefninu vorum við búnar að átta okkur á því að tvítyngd börn eru nokkuð fljót að grípa orð yfir hlutina í leikskólanum en þau eru ekki með íslensku orðin yfir sitt nánast umhverfi þ.e.a.s. heimilinu. Þegar börn leika eru þeirra upplifanir og reynsla að koma fram í leiknum og þar skipar heimilið stóran sess. Ef barn hefur ekki orð yfir þá hluti sem eru heima fyrir er erfitt að komast inn í hópinn og taka þátt.

Í erli dagsins þótti okkur erfitt að finna tíma í skráningarnar og einnig voru kennarar óvissir hverju þeir ættu að vera að horfa eftir og hver tilgangurinn væri með skráningunum. Þegar við ræddum saman um skráningarnar og það sem kennararnir sáu í leiknum þá fundum við ákveðnar vísbendingar. Tvítyngdu börnin áttu stundum erfitt með að komast inn í leikinn, voru jafnvel utan við hann og gátu átt erfitt með að taka þátt og fylgjast með umræðunni og framvindu leiksins. Þetta átti jafnt við börnin sem áttu erfitt með að tjá sig, til dæmis vegna framburðar eða slaks málproska.

Á einni deildinni tókst ágætlega að vera með samanburðarhópa. Þar lagði kennarinn inn orð í upphafi stundar hjá öðrum hópnum en lagði engin orð inn hjá hinum. Markviss munur fannst á hópnum. Sá hópur sem kennarinn lagði inn orð hjá bæði notaði meiri orð almennt og þau orð sem kennarinn hafði lagt inn. Hinn hópurinn talaði minna og notaði færri orð. Þar var mikið um „þetta“ og „hitt“. Gott dæmi um þetta eru litlar fernur sem allar líta eins út en eru með mismunandi myndum á, til dæmis epli og appelsínur á safanum og kýr fyrir mjólkina. Sá hópur sem kennarinn lagði inn hjá notaði alltaf eplasafi og appelsínusafi en hinn hópurinn talaði um eplamjólk og appelsínumjólk.

## **Símenntun**

Starfsfólk Reynisholts fékk ýmsa fræðslu er varðaði læsi og tvítyngi á meðan verkefninu stóð. Fríða B. Jónsdóttir leikskólaráðgjafi hjá SFS fræddi okkur um mikilvægi móðurmáls. Kom hún til okkar á skipulagsdaga með fræðslu en hitti einnig leikskólakennara á fagfundi. Við fengum einnig fyrirlestra frá Miðju máls og læsis sem er ráðgjafastöð á vegum SFS ásamt því að starfsmenn hafa sótt ýmis námskeið tengd læsi t.d. námskeið um Lubbi finnur málbein og Tónmál.

Læsissteymi var stofnað og hélt það utan um framgang verkefnisins með verkefnisstjóra í



fararbroddi. Teymið hittist reglulega eða að meðaltali einu sinni í mánuði (fylgiskjal 2). Það teymi fékk Erasmus+ styrk til að fara til Västerås í Svíþjóð. Þar heimsótti teymið leikskóla sem var mikil fjölmening. Í þeim leikskóla voru einungis tvö börn sem voru með sænsku að móðurmáli. Þar fengust margar hugmyndir að vinnu með tvítyngi og eflingu máls. Nýttum við okkur nokkrar þeirra á meðan á verkefninu stóð þá helst þá hugmynd að gera ritmál sýnilegt á veggjum með skráningum.

Leikskólinn á töluvert af málörvunarefni en voru starfsmenn sammála um að það væri frekar óaðgengilegt. Unnið er að því að flokka efnið og gera aðgengilegra.

### **Markmið og árangur**

Markmið okkar að efla orðaforða og málnotkun barnanna í gegnum hlutverkaleik tókst með ágætum. Nærvera kennara hafði hvetjandi áhrif á tvítyngdu börnin. Þau höfðu meira öryggi í stundunum og tjáðu sig frekar með stuðningi kennara. Leikkassarnir veittu kennurum einnig innblástur til að auka stuðning við félagslega leikinn. Tveir tvítyngdir drengir áttu erfitt uppdráttar í félagslegum leik og veittu leikkassarnir þeim mikinn stuðning. Einn kennarinn útbjóg flöskur með andlitum barnanna og fengu drengirnir því aukið tækifæri til hlutverkaleiks í einingakubbum. Þessi stuðningur sem drengirnir fengu bæði í málþroska og leikþroska í litlum hópum með kennarann sem stuðning skipti sköpum fyrir þá. Í lok vetrar voru þeir orðnir öruggari í öðrum aðstæðum leikskólans og viljugri til að taka þátt í starfinu. Samanburðarhóparnir sem voru á einni deildinni sýndu fram á að það að leggja orðin inn í upphafi stundar jók málnotkun barnanna. Þau bæði töluðu meira og notuðu frekar orðin sem kennarinn lagði inn en hinn hópurinn.

Markmið okkar að efla foreldrasamvinnu um læsihvetjandi umhverfi tókst vel. Bókaormurinn vakti lukku hjá foreldrum og börnum. Skráningarnar sem honum fylgja sýndu mjög jákvætt viðhorf á bókunum, bæði íslenskum og erlendum. Foreldrarnir lögðu sig fram við að skrifa á íslensku í bókina og vitað er að einir foreldrar nýttu sér Google translate til að þýða af sínu tungumáli yfir á íslensku. Einnig sendum við bæklinga til allra foreldra um mikilvægi lesturs fyrir börnin og hvöttum foreldra tvítyngdra barna sérstaklega til að lesa á þeirra móðurmáli. Margir bæklinganna voru til á erlendum tungumálum.

Markmið okkar að auka þátttöku og rödd tvítyngdra barna í leikskólastarfinu gekk ágætlega. Starfsfólk lagði sig fram við og var meðvitað um að fá foreldra inn á deildina og upplýsa þá um starfið. Undirtektir voru misjafnar hjá foreldrum en voru flestir ánægðir með viðleitnina

og áhugann.

Könnun sem send var til foreldra (sjá fylgiskjal 3) leiddi í ljós að börnin virtust eiga vini utan leikskólans sem samsvaraði aldri og þroska þeirra hverju sinni, eins og t.d. heimsóttu tvítyngdu börnin önnur börn innan leikskólans þegar þau urðu eldri. Foreldrar virtust eiga mis gott bakland hér á Íslandi, en flest börnin umgengust þó börn og aðra fullorðna sem tala þeirra móðurmál reglulega. Foreldrar voru ágætlega upplýstir og gátu skilið og nálgast upplýsingar. Þeir voru flestir eins og áður sagði nokkuð vel læsir á íslensku. Fram kom að þýðingar með Google translate gætu gefið foreldrum með lítinn sem engan skilning í íslensku betri hugmynd um hvað væri í gangi og þannig hvatt þá til að spyrjast betur fyrir.

## Framhald verkefnis

Bókaormurinn hefur fastan sess í leikskólanum og mun halda áfram að fara heim til barna leikskólans. Við munum einnig halda áfram að hafa erlendar bækur í bland við þær íslensku í bókaorminum. Leikkassarnir hafa verið vinsæll efniviður á tveimur yngri deildum leikskólans. Munum við halda áfram nota leikkassana með því sniði sem við höfum gert, í litlum hópum með kennara. Áfram verður unnið markvissara með kassana með tvítyngdum börnum. Einnig verða hannaðir þema kassar fyrir deildirnar þar sem keyptur verður efniviður til að þróa hlutverkaleikinn áfram. Það eru til að mynda kassar með skrifstofudóti, búðardóti, smíðadóti og þess háttar.

Varðandi foreldrasamvinnuna þá ætlum við að halda áfram að mæta foreldrum tvítyngdra barna þar sem þau eru stödd. Sumir vilja meiri aðstoð en aðrir og þarf að finna rétta þörf hvers og eins. Einnig munum við bæta bókakostinn bæði endurnýja vinsælar íslenskar bækur sem og bæta við fleiri bókum á erlendum tungumálum. Hugmynd hefur komið upp um að foreldrar geti fengið bækur lánaðar í meira mæli en áður hefur verið.

Skráningar vöktu áhuga starfsfólksins en vafðist einnig fyrir þeim. Markmiðið er að auka fræðslu á skráningunum svo starfsfólk verði öruggara og geti nýtt sér skráningarnar til að auðga starfið.

Verkefnið hefur haft hvetjandi áhrif á umræðu um mikilvægi læsis fyrir leikskólabörn innan leikskólans og sérstaklega opnað augu okkar fyrir því að tvítyngd börn geti notið bóka á sínu móðurmáli. Leikskólinn hefur safnað að sér þó nokkrum bókum á erlendum tungumálum og

munum við halda áfram að auka við þann bókakost. Einnig hefur verkefnið hvatt okkur til að mynda samskipti við foreldra um læsi og lestur bóka fyrir börn sín.

Eins og áður hefur komið fram gekk hægt að vinna verkefnið síðastliðin vetur og eigum við því eftir að framkvæma nokkra þætti. Unnið er að flokkun á málörvunarefni sem til er í leikskólanum, þemakassar fyrir hlutverkaleikinn verða unnir eftir áramót, bætt við erlendar bækur og vinsælar bækur endurnýjaðar. Styrkurinn mun því áfram nýtast við að klára þá vinnu.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Aðalheiður Stefánsdóttir leikskólastjóri Reynisholts hefur verið með kynningar á verkefninu á fyrir skólastjórnendum í Grafarholti og Úlfarsárdal, á Ráðstefnu SFS á Degi leikskólans í febrúar 2015, á ráðstefnu LSP og SÁS í Gerðubergi í apríl 2015 og fyrir Kragaskólana í febrúar 2017. Skýrslan verður kynnt fyrir foreldraráði leikskólans, skólastjórnendum í Grafarholti og einnig verður hún aðgengileg fyrir foreldra og aðra áhugasama á heimasíðu skólans.

## Fylgiskjal 1



### Að lesa og leika list er góð – Þróunarverkefni 2015-2017

#### ICELANDIC

Hluti af þróunarverkefninu *Að lesa og leika list er góð* er að auka þekkingu foreldra á hlutverki sínu varðandi móðurmál og læsi og að efla foreldrasamvinnu um læsishvetjandi umhverfi.

Bókaormurinn hefur farið í heimsókn til barnanna frá árinu 2009 þar sem bækur tengdar dygðum vetrarins hafa verið lesnar heima og foreldrar skráð ævintýri hans í litla bók. Nú viljum við bæta við bók á öllum tungumálum barnanna á hverri deild. Því verður ein bók á íslensku sem tengist dygðum vetrarins og aðrar á öðrum tungumálum. Gott er að skoða þær bækur með barninu og ræða um að til séu mismunandi tungumál út frá því.

Einnig er meðfylgjandi bæklingurinn Málþroski – sameiginleg ábyrgð og hvetjum við foreldra til að lesa hann.

Með bestu kveðju, starfsfólk í Reynisholti

#### ENGLISH

As part of the development project *Að lesa og leika list er góð* is to increase the knowledge of parents in their role regarding native language and literacy and to promote parental cooperation for a literacy stimulating environment.

The book worm has gone on a visit to the children since 2009, where books related to the winters virtues have been read at home and parents recorded his adventures in a little book. Now we want to add to the books of all the children's languages. One book in Icelandic will be associated with virtues and the other in other languages. It is good to look at the books with your child and talk about the existence of different languages from it.

We also include the pamphlet *Language development - a shared responsibility* and we encourage parents to read it.

## POLISH

Częścią program rozwojowego: "Að lesa og leika list er góð" jest zwiększenie wiedzy rodziców o ich roli związanej ze znajomością przez dziecko jego języka ojczystego oraz zdolności pisania i czytania. A także zachęcanie rodziców do tworzenia środowiska stymulującego naukę pisania i czytania. Mol Książkowy odwiedza dzieci od 2009 roku, książki związane z zimowymi aktywnościami są czytane w domu a rodzice zapisują przygody Mola w małej książeczce. Teraz pragniemy dołączyć książki w językach wszystkich dzieci. Jedna książka po Islandzku będzie związana z zimowymi zabawami oraz kolejne w innych językach. Dobrze jest pooglądać książeczki razem z Twoim dzieckiem i porozmawiać z nimi o istnieniu innych języków obcych. Dołączony zostanie też informator Málþroski o wspólnej odpowiedzialności, zachęcamy rodziców do zapoznania się z nim.

## RUSSIAN

Целью проекта "Читать и играть - это здорово" является повышение уровня знаний родного языка и приобщение к чтению.

Книжный червяк приходит в гости к детям с 2009 года.

Родителям предлагается прочитать книгу на исландском языке вместе с ребенком и записать свои впечатления в маленькую книжечку.

Мы хотим добавить еще несколько книг на родном языке всех детей в группах. Рекомендуем родителям рассмотреть эти книги вместе с детьми и побеседовать о существовании различных языков.

Также предлагается брошюра для родителей "Языковое развитие - общая ответственность".

Призываем родителей прочитать ее.

С уважением

сотрудники Рейнисхольт.

## Bulgarian

Целта на проекта " Да четем и да творим- това е хубаво" е да се подобри знанието на родителите за ролята им в усвояването на родния език и повишаването на грамотността, както и да се насърчи сътрудничеството между родителите и детската градина за създаване на стимулираща четенето среда.

Книжният червей започна посещенията си в домовете на децата през 2009 г. Книги, свързани с различни добродетели, се четат в къщи и родителите записват приключенията от престоя на червея и впечатленията си от четенето на книгата в малък дневник . Сега искаме да добавим книга на всеки един език, който се говори в отделните групи. Затова ще има една книга на исландски, свързана с добродетелите и друга, на други езици. Добре е да разгледате книгите с детето си и да обсъдите съществуването на различни езици.

Също така прилагаме брошурата "Развитието на езиковите способности - споделена отговорност" и ви поощряваме да я прочетете.

## Fylgiskjal 2

### Heimiliskassi-Ápreifanlegt

Deild:

Börn:

Leggja inn:	Hlusta eftir:		
Gólfmotta	Afi	Pabbi	Sófi
Hilla	Bangsi	Risaeðla	Sæng
Lak	Borð	Skápur	Teppi
Púði	Kona	Stelpa	
Rúm	Maður	Strákur	
Sófaborð	Mamma	Stóll	

---

---

---

---

---

### Búsáhaldakassi

Deild:

Börn:

Leggja inn:	Hlusta eftir:		
Appelsínusafi	Ausa	Form	Pastaskeið
Bakki	Brauð	Glas	Pískur
Eggjabakki	Diskur	Kjöt	Pylsa
Gaffall	Djús	Krukka	Spaði
Hnífur	Egg	Kæfa	Skál
Skeið	Eplasafi	Mjólk	Töng
Skinka	Fiskur	Ostur	
Spælegg			

---

---

---

---

---

## Fylgiskjal 3

### Að lesa og leika list er góð

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Dagsetning : \_\_\_\_\_

### Skýringar

Svarið spurningunum með því að haka í valmöguleikana. Skrifðu athugasemdir ef við á.

#### Part I: Fjölskylda og umhverfi

1) **Eru amma og afi á Íslandi?**

- Já  
 Nei

athugasemd \_\_\_\_\_

2) **Eru frænka og frændi á Íslandi? Það er systur eða bræður foreldra**

- Já  
 Nei

athugasemd \_\_\_\_\_

3) **Hvar fæddist barnið?**

- Á Íslandi  
 Annarsstaðar – hvar?

Hvar? \_\_\_\_\_

#### Part II: Vinahópar

1) **Hittir barnið börn og fullorðna sem tala móðurmál þeirra annarsstaðar en heima?**

- Já  
 Nei

athugasemd \_\_\_\_\_

2) **Hittir barnið börn af leikskólanum utan leikskólatíma?**

- a. Já
- b. nei

athugasemd

---

---

---

### Part III: Móðurmál

1) **Merktu við það sem á við**

- Ég hef skoðað bæklinga sem voru sendir í tölvupósti varðandi móðurmál
- Það er lesið fyrir barnið heima á móðurmáli þess
- Það er lesið fyrir barnið heima á íslensku
- Ég hef séð hlekk á heimasíðunni með upplýsingum á mörgum tungumálum
- Ég hef séð upplýsingar í fataherbergi varðandi námskeið fyrir tvítyngd börn og foreldra

athugasemd

---

### Part IV: Upplýsingar

1) **Merktu við það sem við á**

- Ég skil póst sem kemur frá deildarstjórum – vikupóstur og tilkynningar
- Ég skil póst sem kemur frá leikskólastjóra
- Ég skil póst sem er sendur bara á íslensku
- Ég skil póst sem er þýddur með google-translate
- Póstur sem þýddur er með google-translate hjálpar mér að skilja póstinn og tilkynningarnar
- Póstur sem þýddur er með google-translate hjálpar ekki til að skilja – er of illa þýddur
- Ég vil halda áfram að fá póst þýddan með google-translate

athugasemd

---

---



## Part V: Annað

- 1) Eitthvað sem þér finnst mikilvægt að við vitum eða eitthvað varðandi spurningarnar sem þú vilt svara frekar

---

---

---

---

---

---

---

---

**Fylgiskjal 4**

**Rekstrarreikningur**